

Sp.

50. Nefndarálit

um till. til þál. um endurskoðun á lögum um eftirlit með skipum og um athugun á framkvæmd skipaskoðunar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég lít svo á, að með þáltill. á þskj. 22 og þeim breytingum, sem hv. meiri hl. allsherjarnefndar vill gera á henni, séu þessu þýðingarmikla máli ekki gerð nægileg skil af hálfu Alþingis.

Tilfni þess, að málið er nú til meðferðar á hv. Alþingi, eru hin tíðu og stórfelldu sjóslys, sem undanfarið hafa orðið. Í umræðum og blaðaskrifum um málið hefur því verið haldið fram, að þessi tíðu sjóslys eigi m. a. rætur sínar að rekja til þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á lestarrúmi ýmissa togaranna og leitt hafi til ofhleðslu á þeim og röskunar eðlilegs jafnvægis og sjóhæfi skipanna.

Ég tel því sjálfsgagt, að þegar sett er nefnd í þetta mál að tilhlutan Alþingis, þá sé fyrst og fremst lagt fyrir hana að grafast til fulls fyrir það, hvað rétt sé í þessu efni. Ber þá einnig að athuga, hvort slíkar meginbreytingar á byggingu skipanna samrýmist lögnum um eftirlit með skipum.

Næst á eftir þessu tel ég eigi að vera verkefni nefndarinnar að athuga, hvernig háttáð hefur verið að öðru leyti eftirliti með öryggi skipanna m. a. til að koma í veg fyrir ofhleðslu þeirra.

Á grundvelli þeirrar niðurstöðu, sem þessar athuganir leiddu til, ber síðan að endurskoða lög og reglugerðir um eftirlit með skipum, og nota þannig hina sorglegu og dýrkeyptu reynslu af sjóslysunum til að tryggja svo sem frekast er unnt öryggi skipanna, með skýrum lagafyrirmælum og ströngu eftirliti með allri framkvæmd þeirra og þungum viðurlögum, ef út af er brugðið.

Um samsetningu nefndarinnar hef ég einnig orðið á öðru máli en meiri hl. þeir, sem mest eiga hér í húfi, eru sjómennirnir, sem á hafið sækja og eiga líf sitt undir því, að allt fari að felldu í hverri ferð. Ég tel því, að tillögur þessara manna um öryggismálin eigi mestu að ráða og nefndin sé þá bezt skipuð, ef stéttarsamtök þeirra tilnefna meiri hluta hennar.

Í samræmi við þessa skoðun — og vegna þeirrar nauðsynjar, að strax sé hafizt handa um raunhæfar aðgerðir til að hindra sjóslysin svo sem verða má — leyfi ég mér einnig að leggja til, að skipaefirlitið verði þegar aukið til bráðabirgða, með því að bæta í það tveimur mönnum, sem tilnefndir verði af stéttarsamtökum sjómanna. Mundu þeir sérstaklega fylgjast með ferðbúnaði skipanna, hleðslu þeirra og öðru þess háttar.

Samkvæmt þessu leyfi ég mér að leggja til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd til þess að:

1. Afla ýtarlegra upplýsinga um, hverjar meginbreytingar hafa verið gerðar á íslenskum fiski- og flutningaskipum á styrjaldarárunum og hverjar afleiðingar ætla megi, að breytingarnar hafi á öryggi skipanna.
2. Athuga um, hvernig háttáð hefur verið framkvæmd skipaefirlitsins á lögum og reglum þeim, er nú gilda um eftirlit með skipum.
3. Endurskoða — með hliðsjón af nefndum athugunum og nýjustu reynslu í þessum efnum — lög um eftirlit með skipum og bátum og um öryggi þeirra, svo og tilskipanir og reglugerðir, er settar hafa verið um þetta efni. Skal endurskoðunin miða að því að tryggja sem bezt öryggi skipanna, herða eftirlit með framkvæmd öryggislaganna og færa það að miklu leyti í hendur fulltrúa sjómannasamtak-

anna og leggja þungar refsingar við, ef brotin eru lög og reglur varðandi öryggi skipanna.

Nefndin skal í starfi sínu hafa aðgang að öllum skjölum og skilríkjum varðandi rannsókn þeirra sjóslysa, sem orðið hafa og verða kunna, áður en hún lýkur störfum.

Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar, og sé hann sérfróður maður um skipasmíðar. Hina fjóra nefndarmennina skipar ríkisstjórnin eftir tilnefningu, tvo eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands.

Nefndin skal ljúka störfum svo fljótt sem unnt er og gefa Alþingi skýrslu um störf sín.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Þangað til aðrar breytingar hafa verið gerðar á eftirliti með öryggi skipa, skal eftirlitið aukið með því, að ráðherra skipi til viðbótar tvo menn, er við hlið skipa- skoðunarstjóra og annarra eftirlitsmanna annist eftirlit með framkvæmd öryggislaganna og annarra gildandi fyrirmæla. Skal annar maðurinn skipaður eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Máli mínu til frekari stuðnings leyfi ég mér að prenta hér með sem fylgiskjal bréf Alþýðusambands Íslands til hæstvirtrar ríkisstjórnar um þetta mál.

Alþingi, 15. febr. 1944.

Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 21. jan. 1944.

Eins og almenningi er kunnugt, hafa slysfarir á sjó færzt ískyggilega í vöxt hér við land nú á stríðsárunum, og almenningsálitið hefur stöðugt hneigzt ákveðnar í þá átt, að hér væri ekki allt með felldu.

Eftir hvarf Max Pembertons gerast raddir fólks æ háværarí og almennari um þá kröfu, að reynt verði með nýjum ráðum að grafast fyrir orsakir þessara hörmu- legu slysa og að gerðar verði raunhæfar ráðstafanir til að stýra hjá endurtekningu hliðstæðra atburða, að svo miklu leyti sem í mannlegu valdi stendur.

Vér viljum ekki, að hæstvirt ríkisstjórn gangi þess dulin, að almenningsálitið virðist vera á einn veg um það, að ýmis þeirra slysa, sem orðið hafa á síðustu árum, séu bein afleiðing þess, að ákvæði laga um öryggi á sjó hafi eigi verið virt, reglum um hleðslu skipa eigi fylgt, ýmsum skipum hafi verið breytt þann veg, að háski stafi af.

Síðast en ekki sízt er það í almæli, að lögin um öryggi á sjó séu eigi aðeins ófull- nægjandi, heldur einnig eftirlitið með framkvæmd þeirra.

Sem fulltrúi íslenzkrar alþýðu til lands og sjávar telur Alþýðusamband Íslands sig ekki geta lengur látið undir höfuð leggjast að freista nýrra og skeleggari ráða en hingað til hafa verið reynd í öryggismálum sjómanna og leyfir sér því hér með að leggja fyrir háttvirta ríkisstjórn eftirfarandi tillögur:

1. Ríkisstjórn Íslands skipi nefnd manna, sem Alþýðusamband Íslands og Far- manna- og fiskimannasamband Íslands tilnefni meiri hluta í, til þess að
 - a) gangast fyrir rannsókn á þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á íslenzk- um fiski- og flutningaskipum, — og þá fyrst og fremst togurunum, með tilliti til burðarmagns skipanna og stöðugleika (Stabilitet).
 - b) hafi forgöngu um rækilega endurskoðun á lögum um öryggi við fisk- veiðar og siglingar og að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á þeim á grundvelli nýjustu reynslu.

2. Meðal breytinga á öryggislögunum verði þessar:
- Ströng lagaákvæði verði sett um smíði skipa og breytingar á skipum, með tilliti til lestarrúms, burðarmagns, styrkleika o. fl.
 - Eftirlit með frankvæmd öryggislaganna verði aukið og endurbætt og fulltrúum sjómanna fengið það í hendur að mestu eða öllu leyti.
 - Þyngstu refsingar liggi við, ef öryggislögin eru brotin.
(Að öðru leyti vísunum vér til samþykktu 17. þings Alþýðusambandsins og ályktana sjómannaráðstefnu vorrar um öryggismál s. l. haust, og látum vér þær fylgja hér með.)
3. Nefnd sú, er fyrr var getið, verði skipuð hið allra fyrsta, og hafi hún við hlið ríkisstjórnar og skipaæftirlitsins æðsta vald í öryggismálum, þar til umræddar lagabreytingar hafa náð gildi.
- Væntum vér, að hæstvirt ríkisstjórn taki þessum tillögum vorum vel og hafi tekið upp samvinnu við oss á grundvelli þeirra fyrir lok þessa mánaðar.
- Af Alþýðusambandsins hálfu mun mál þetta ekki verða tekið fyrir opinberlega fyrst um sinn, þótt oss sé kunnugt um óskir margra í þá átt.

Virðingarfyllst,
f. h. Alþýðusambands Íslands
(Undirskrift.)